# UNGLIST DAGSKRÁ 2023

## 04. – 11. nóvember

**Unglist, listahátíð ungs fólks er vettvangur fyrir ungt upprennandi listafólk. Taktu þátt í ævintýrinu þér að kostnaðarlausu og njóttu töfra listarinnar á ókeypis viðburðum Unglistar!**

## Lau 4. nóv

**I) Hitt Húsið, Norðursalur, Rafstöðvarvegur 7**
**@15:00-18:00**
**AIRWAVES Á KANTINUM - OFF VENUE**
Grasrótin í íslensku tónlistarsenunni tekur yfir sviðið. Hljómsveitir sem spila á tónleikunum eru sigursveit Músíktilraunanna 2023 Fókus ásamt BKPM, Emmu, Gunna Karls, Juno Paul, Nuclear Nathan, STNY og Moonloops gestasveit frá Hollandi.

**II) Hitt Húsið, Gallerí**
**@15:00-17:00**
**GILDI - SÝNINGAROPNUN**
Útskriftarnemendur af myndlistarbraut Fjölbrautarskólans í Breiðholti sýna verk sem þau hafa unnið að á þessari önn. Sýningin stendur fram til 4. desember. Opin virka daga frá kl.9:00.-22:00.
Þátttakendur: Erik Vikar Diez Róbertsson, Hanna Lára Vilhjálmsdóttir, Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir,
Margrét Ylfa Arnórsdóttir, Torfi Sveinn Ásgeirsson.

**III) Gallerí Núllið, Bankastræti 0**
**@14:00-18:00**
**PLAKAT UNGLISTAR - SÝNINGAROPNUN**
Sýning á feikifínum og fjölbreyttum tillögum að plakati Unglistar sem nemendur á 1. ári í Grafískri hönnun við LHÍ útfærðu í vor. Sýningin stendur yfir 4. og 5. nóvember.

**IIII) Árbæjarsafn, Líkn**
**@13:00-17:00**
**ANDINN OG EFNIÐ SKISSAÐ Í SAFNI**
Nemendur á listabraut Fjölbrautarskólans í Breiðholti fanga anda safnsins og nota sem uppsprettu hugmynda og æfingu fyrir tímalaus listaverk. Afraksturinn verður til sýnis í Líkn húsinu til 12. nóvember. Opið er á opnunartíma safnsins.

## Sun 5. nóv

**I) Harpa, Kaldalón**
**@15:00**
**KLASSÍK UM STUND**
Nemendur úr tónlistarskólum höfuðborgarsvæðisins flytja ykkur fagra klassíska tóna á einstökum tónleikum.

**II) Árbæjarsafn**
**@15:00-20:00**
**LARP-IÐ MIDNIGHT SUN**
Midnight Sun LARP-hópurinn hellir sér í heim hins forna. Í kvikspuna er skapað skemmtilegt umhverfi með ævintýraívafi þar sem þátttakendur skella sér í ákveðin hlutverk.
Það notar Vampire the Masquerade kerfið þar sem spilendur leika allskyns vampírur sem þrífast á dimmum vetrarkvöldum. Ath. að LARP-ið er aðeins fyrir 18+. Viðburður aðeins opin skráðum meðlimum, en ef áhugi er fyrir hendi má hafa samband við midnightsunlarp@gmail.com.

**III) Sundhöll Reykjavíkur**
**@20:00**
**KÓR & KLÓR**
Kammerkórinn Huldur yljar sundgestum með ljúfum kvöldsöng.

## Mán 6. nóv

**Tjarnarbíó, Tjarnargata 12**
**@20:00**
**LEIKTU BETUR**
Framhaldsskólar landsins keppa í æsispennandi leikhússporti fyrir framan áhorfendur. Gleði, spenna og óvæntar uppákomur í spuna þar sem ekkert er búið að ákveða fyrirfram!

## Þri 7. nóv

**Tjarnarbíó, Tjarnargata 12**
**@20:00**
**UNGLEIKUR**
Ungleikur í samstarfi við Unglist býður ykkur öll velkomin í leikhúsveislu þar sem ungskáld og leikarar taka yfir sviðið og glæða það lífi með verkum sínum.

## Mið 8. nóv

**Árbæjarsafn, Kornhús**
**@19:30-21:30**
**PRJÓNAKLÚBBUR OG GARNBÝTTI**
Berglind og Thelma, frá Ungum Prjónum, bjóða í huggulegan prjónahitting og verða þátttakendum innan handar og reiðubúnar til aðstoðar við prjónaskapinn. Á staðnum verður einnig garn-skiptimarkaður, þar sem öllum er frjálst að taka sér garn og/eða skilja eftir garn.

## Fim 9. nóv

**Hitt Húsið, Rafstöðvarvegur 7**
**@20:00**
**Q FÉLAGIÐ & POPP & KÓK**
Q - félag hinsegin stúdenta verður með hinsegin kvikmyndakvöld. Myndin sem verður tekin fyrir er Velvet Goldmine, hinsegin glysrokkmynd frá 1998. Popp, kók og live chat!

## Fös 10. nóv

**Hitt Húsið, Rafstöðvarvegur 7**
**@20:00**
**SIRKUS KARNIVAL**
Sirkus Karnival kynnir sýninguna GLAMÚR. Sýningin er í anda 1920 áratugarins og fagnar fjölbreytileika og kvenlegu eðli.

## Lau 11. nóv

**I) Borgarleikhúsið, stóra svið**
**@14:00**
**MÖGULEIKAR DANSINS**
Fjölbreytt dansatriði frá fjölmörgum dansskólum. Á sýningunni sameina nemendur krafta sína og bjóða upp á meiriháttar dansveislu með ýmsum dansstílum. Möguleikar dansins eru endalausir.

**II) Hitt Húsið, Rafstöðvarvegur 7**
**@20:00. Húsið opnar 19:30**
**MÓÐIR JÖRÐ, TÍSKUSÝNING**
Ungir og efnilegir fatahönnuðir á fata- og textílbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti, fata- og textílsviði Fjölbrautaskólans í Garðabæ og í fataiðn Tækniskólans bjóða ykkur velkomin á tískusýningu Unglistar. Á sýningunni má sjá sköpun ungs fólks sem gefur gömlum fötum nýtt líf, vinnur úr náttúrulegum efnum og/eða hefur fengið innblástur hönnunar sinnar úr litum náttúrunnar. Eftir sýninguna verður hægt að skoða hugmyndavinnu og spjalla við hönnuðina um ferlið.

**AÐGANGUR ÓKEYPIS -**
**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UNGLIST.IS & HITTHUSID.IS - FACEBOOK.COM/UNGLIST**